

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði kr. 450.00 af fé þessu í málskostnað, en hinn hlutinn greiðist úr ríkissjóði.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, hreppsnefnd Hvolhrepps f. h. hreppsins, greiði stefnanda, Páli Nikulássyni, kr. 560.00 með 5% ársvöxtum frá 30. júlí 1946 til greiðsludags.

Málflutningslaun talsmanns stefnanda, Ragnars Ólafssonar hrl., ákveðast kr. 800.00, og greiði stefndi kr. 450.00 af þeirri fjárhæð, en ríkissjóður kr. 350.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. apríl 1951.

Nr. 39/1950. **Steinunn Loftsdóttir** (Ragnar Jónsson)

gegn

Ingva Ólafssyni (Sigurður Ólason).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ólafur Jóhannesson í stað
hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd.
Jónatans Hallvarðssonar.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1950, að fengnu gjafsóknarleyfi 24. s. m. Krefst hún þess, að *allega*, að stefndi verði dæmdur faðir að sveinbarni því, er hún ól hinn 25. október 1948, og til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess og til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk og tryggingariðgjöld, allt eftir úrskurði yfirvalds. Til vara krefst áfrýjandi þess, að úrslit málsins verði látin velta á fyllingareiði hennar. Loks krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið hefði ekki verið rekið sem gjafsóknarmál, og að skipuðum talsmanni hennar í héraði og fyrir Hæstarétti verði ákveðin hæfileg málflutningslaun fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur prófessor Niels Dungall rannsakað blóð sambýlismanns áfrýjanda, Matthíasar Gunnlaugssonar. Var niðurstaða rannsóknarinnar sú, að blóð Matthíasar hafði þessa eiginleika.

Aðalfl. Undirfl. C D E c

B MN ÷ + + +

Vottar prófessorinn, að samkvæmt þessari niðurstöðu geti Matthías ekki verið faðir barnsins, þar sem hann hafi ekki eiginleikann C, sem barnið hljóti að hafa fengið frá föðurnum, úr því að móðirin hafi hann ekki.

Þá hefur og læknir sá, Karl Sig. Jónasson, er stundaði Matthías í legu hans á Landakotsspítala, gefið nýtt vottorð, eftir að dómur gekk í héraði. Samkvæmt vottorðinu, sem dagsett er 6. apríl 1951, lá Matthías í Landakotsspítala frá 9. des. 1947 til 17. apríl 1948, mjög þungt haldinn fyrstu mánuðina og rúmliggjandi þar til í byrjun marz mánaðar 1948, enda hafði hann ekki þann tíma leyfi til þess að fara út úr sjúkrahverbergi sínu.

Áfrýjandi hefur að vísu ekki verið algerlega sjálfri sér samkvæm í framburði sínum fyrir dómi. Hún hefur þó ávallt haldið fast við það, að stefndi, og enginn annar maður, hafi haft samfarir við hana, á tímabilinu frá því er nefndur sambýlismaður hennar lagðist á sjúkrahús í desember 1947 og þar til að hann kom heim aftur eftir miðjan aprílmánuð 1948. Stefndi hefur kannast við, að hann hafi oft hitt áfrýjanda á þessu tímabili og ekið henni í bíl sínum. Þegar litið er til þess svo og skýrslna þeirra Veróníku Konráðsdóttur og Guðrúnar Guðjónsdóttur, þá verður að telja málstað áfrýjanda líklegri. Ber því samkvæmt 213. gr. laga nr. 85/1936 að láta úrslit málsins velta á fyllingareiði áfrýjanda, þannig að vinni hún eið að því á lögmæltu varnarþingi og eftir lögmætan undirbúning, að hún hafi á tímabilinu frá og með 1. janúar 1948 til 1. marz sama ár haft holdlegar samfarir við stefnda, Ingva Ólafsson, þá skal hann talinn faðir sveinbarns þess, er áfrýjandi ól hinn 25. október 1948, enda greiði hann

þá meðlag með barninu svo og fæðingarstyrk og tryggingar-iðgjöld barnsmóður fyrir eitt ár, allt samkvæmt yfirvalds-úrskurði. Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, skal stefndi greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1500.00, en þar af renni kr. 1350.00 í ríkissjóð.

Fallist áfrýjandi á eiðnum, á stefndi að vera sýkn af kröfum hennar í málinu, enda greiði hún honum þá málskostnað, kr. 500.00. Málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ef áfrýjandi, Steinunn Loftsdóttir, vinnur innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning eið að því á lögmæltu varnarþingi, að hún hafi á tímabilinu frá og með 1. janúar 1948 og til 1. marz sama ár haft holdlegar samfarir við stefnda, Ingva Ólafsson, þá skal hann talinn faðir að sveinbarni því, sem áfrýjandi ól hinn 25. október 1948, enda greiði stefndi þá meðlag með barninu svo og barnsfararkostnað og tryggingar-iðgjöld barnsmóður fyrir eitt ár, allt eftir úrskurði yfirvalds. Þá greiði og stefndi áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1500.00, en þar af renni kr. 1350.00 til ríkissjóðs.

Fallist áfrýjandi á eiðnum, skal stefndi vera sýkn af kröfum hennar í málinu, enda greiði hún honum þá málskostnað kr. 500.00.

Málflutningsþóknun skipaðs talsmanns áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmans, kr. 1000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. febrúar 1950.

Ár 1950, miðvikudaginn 15. febrúar, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Loga Einarssyni, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 2/1950: Steinunn Loftsdóttir gegn Ingva Ólafssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Hinn 25. október 1948 ól kærandi, Steinunn Loftsdóttir, til heimilis í Kamp Knox E-25 hér í bæ, óskilgetið sveinbarn, er samkvæmt vottorði Jóhönnu Friðriksdóttur yfirljósmóður var fullburða, 51 cm á lengd og 3350 gr á þyngd.

Föður að barni þessu hefur kærandi lýst Ingva Ólafsson bifreiðarstjóra, Grettisgötu 56 B, en hann hefur ekki viljað við faðernið kannast. Hefur kærandi því höfðað mál þetta gegn honum og krafizt þess, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk að svo miklu, sem hann verður eigi greiddur af Tryggingastofnun ríkisins, og tryggingariðgjöld hennar fyrir eitt ár. Til vara hefur hún krafizt fyllingareiðs.

Þá hefur hún krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

Í réttarhaldi hinn 14. marz 1949 skýrir kærandi svo frá, að fyrir um þrem árum hafi hún farið að búa með kærasta sínum, Matthíasi Gunnlaugssyni bifreiðarstjóra, en hann og kærði eru kunnugir. Með unnusta sínum og sambýlismanni á hún eitt stúlkubarn, fætt 3. júlí 1946. Kveðst hún hafa kynnt kærða fyrir um hálfu öðru ári, enda hafi hann stundum komið á heimili hennar og unnusta hennar.

Í fyrsta skipti segist hún hafa haft samfarir við kærða í janúarmánuði 1948 og svo ætíð við og við, þar til upp úr kunningsskap þeirra slitnaði í aprilmánuði sama ár. Samfarirnar kvað hún í fyrstu ætíð hafa farið fram í bifreið kærða, en síðar kvað hún þær einnig hafa farið fram á heimili sínu og hvorugt þeirra hafa viðhaft varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir, að hún yrði þunguð. Kærandi segist síðast hafa haft á klæðum fyrir barnsburð í janúarmánuði 1948, og minnir hana, að það hafi verið kringum 25. þ. m., en tíðir sínar kveður hún ætíð hafa verið reglulegar og öðrum en kærða sé ekki til að dreifa um faðerni barns þess, sem mál þetta er risið af, enda hafi hún ekki haft samfarir við annan karlmann en hann á getnaðartíma þess. Unnusta sinn segir hún hafa legið á Landakotsspítala frá 8. nóvember eða 8. desember 1947 þar til um miðjan marzmánuð 1948. Framburður kærða er á þá leið, að hann kveðst í réttarhaldi því, sem að framan greinir, hafa kynnt kæranda fyrir um tveimur árum fyrir milligöngu kærasta hennar, enda hafi kærði verið tíður gestur á heimili þeirra. Meðan kærasti hennar, Matthías Gunnlaugsson, lá í sjúkrahúsi, eru þau sammála um, að kærði hafi oft ekið henni í bifreið sinni, en hann hefur aftur á móti ætíð eindregið neitað því, þrátt fyrir fullyrðingar hennar, að hafa haft samfarir við hana. Í Landsspítalanum, þar sem kærandi ól barnið, segist hann hafa fengið þær upplýsingar, að sveinn kæranda sé þar skráður Matthíasson. Hefur kærandi viðurkennt að hafa látið skrá sveininn Matthíasson, en það hafi verið gert án samþykkis unnusta hennar, en samfarir segist hún ekki hafa haft við unnusta sinn, eftir að hann kom af sjúkrahúsinu, fyrr en hann hafði dvalizt um þriggja vikna skeið á heimili þeirra.

Kærandi ber það, að hún hafi sagt kærða frá þunga sínum, þegar hún hafði gengið með í 1—2 mánuði, og hafi hann þá viðurkennt faðernið, en jafnframt beðið sig um að lýsa hann ekki föður barnsins. Þessu kvaðst

hún hafa svarað svo til, að slíkt kæmi ekki til mála. Kærði segist aftur á móti ekki hafa vitað um þunga kæranda, fyrr en daginn áður en hann mætti fyrst hér í réttinum, en þá hafi hann verið kvaddur til viðtals í mæðrastyrksnefnd og honum sagt frá, að kærandi lýsti hann föður barnsins.

Kærði kveðst hafa kvænt fyrir um fjórum árum og eiga tvö börn með eiginkonu sinni og auk þess tvö óskilgetin börn með sömu konunni, en hún búi nú í Noregi.

Vitnið Verónika Konráðsdóttir húsfrú, til heimilis í Kamp Knox E-37, skýrir svo frá, að um miðjan janúarmánuð 1948 hafi það og kærandi farið saman á dansleik í Alþýðuhúsinu, en þangað hafi kærði ekið þeim. Er það var tilbúið að fara á dansleikinn, kveðst það hafa gengið að skála þeim, sem kærandi býr í, og ætlað að kalla á hana, en þá séð hana og kærða, sem lét vel að henni og hélt utan um hana, en það kveðst ekki hafa séð hann kyssa hana. Um klukkan 12½ um kvöldið kveður það hana hafa komið til sín og sagzt vera að fara af dansleiknum og þá hafi það séð kærða standa frammi í anddyri. Þegar það atyrkti hana fyrir að fara, segir það hana hafa sagt: „Nú eða aldrei,“ en hvað hún meinti með orðum þessum, viti það ekki.

Kærði kveðst eigi minnst þess að hafa ekið kæranda og Veróniku á dansleik í Alþýðuhúsinu í janúarmánuði 1948, enda hafi bifreið hans verið á verkstæði um sex vikna skeið eftir áramótin 1947 og 1948, en kærandi ber það, að hann hafi ekið þeim á dansleik þenna, eins og vitnið Verónika ber. Einnig kveður hún hann hafa sótt sig á dansleikinn og þau þetta kvöld hafa haft samfarir saman í bifreið hans.

Vitnið Guðrún Guðjónsdóttir, 11 ára að aldri, til heimilis í Kamp Knox B-10, skýrir svo frá, að um tíma, er sambýlismaður kæranda lá í sjúkrahúsi, hafi það sofið hjá kæranda í sama rúmi og hún og tvicegis að nóttu vaknað. Hafi kærandi þá verið inni í öðru herbergi, en vitnið heyrt, að karlmaður var hjá henni og þekkt á málrómi hans, að það væri kærði. Í eitt skipti um nótt segist vitnið hafa vaknað og þá séð kærða vera að drekka kaffi með kæranda frammi í eldhúsi.

Matthías Vilhjálmur Gunnlaugsson bifreiðarstjóri, unnusti og sambýlismaður kæranda, skýrir svo frá, að 8. eða 9. desember 1947 hafi hann verið lagður inn á Landakotsspítala, þar sem hann var mjög þjáður af liðagigt, enda hafi hann legið heima hjá sér mánuðinn áður mjög veikur og þá varla getað snúið sér til hliðar og ekki borðað hjálparlaust. Í sjúkrahúsinu kveðst hann hafa legið til 15. apríl, að hann fór heim til sín, en nokkru áður, um hálfsmánaðarskeið, segist hann þó litillega hafa haft fótavist. Hann kveðst ekki minnst, hvenær hann hafði síðast samfarir við kæranda, áður en hann fór í sjúkrahúsið, en segir það hafa verið löngu áður. Meðan hann var í sjúkrahúsinu, segist hann eigi hafa haft samfarir við kæranda, enda hvorki tækifæri til slíks né hann maður til þess. Meðan hann lá í sjúkrahúsinu, segist hann hafa grunað, að eitt-hvað samband hafi verið milli kæranda og kærða, því að þau hafi oft komið að heimsækja hann, og hann þá þótzt vita, að það þeirra, sem á

undan fór frá honum, biði eftir hinu, enda hefði kærandi viðurkennt, að svo hefði verið, eftir að hann kom af sjúkrahúsinu. Nokkrum dögum eftir að hann kom heim til sín af sjúkrahúsinu, segir hann hana hafa lýst kærða föður fóstursins eins og endranær.

Vottorð Karls Sig. Jónassonar lækni, sem stundaði Matthías Vilhjálmi í veikindum hans, er svohljóðandi:

„Matthías Gunnlaugsson, f. 24/7 1919, dvaldi hér í spítalanum frá 9/12 1947—17/4 1948.

Hann lá hér í fleirbýlisstofu og var rúmliggjandi frá komudegi þar til í febrúar 1948.“

Blóð málsaðilja hefur verið rannsakað í Rannsóknarstofu háskólans af prófessor Niels Dungal, og segir svo í vottorði hans, að eigi sé unnt að útiloka kærða frá faðerninu, enda reyndist niðurstaða blóðrannsóknarinnar sem hér segir:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
Kærandi	0	M	+	+	+	+
Barnið	0	MN	+	+	+	+
Kærði	0	N	+	+	+	+

Þá hefur verið leitað umsagnar héraðslæknisins í Reykjavík um það, hvenær barn það, sem mál þetta er risið af, geti verið komið undir. Í greinargerð héraðslæknis segir svo:

„Algengasti meðgöngutími barns, sem fæðist fullburða, er talinn vera um 270 dagar. Samkvæmt vottorði yfirljósmóður fæðingardeildar Landsspítalans á réttarskjali nr. 1 hefur umrætt barn fæðzt fullburða. Sé því reiknað með hinum algengasta meðgöngutíma, ætti barn þetta að vera komið undir 28. janúar 1948. Nú er það svo, að mjög getur skeikað um meðgöngutíma fullburða barns og það jafnvel svo, eftir því sem talið er, að munað getur mánuði á hvern veg að minnsta kosti.

Það er því álit mitt, að mögulegan getnaðartíma umrædds barns, sem fæðist fullburða 25. okt. 1948, megi telja frá því í fyrstu viku janúar til febrúarloka sama ár.

Eins og atvikum er lýst hér að framan, verður eigi talið, þrátt fyrir þau kynni, sem aðiljar hafa haft hvort af öðru, að kærandi hafi fært þær líkur til styrktar máli sínu, að málslok verði látin velta á eiði hennar, enda hefur framburður hennar verið nokkuð á reiki, auk þess sem hún hefur viðurkennt að láta skrá sveininn Matthíasson á Landsspítalanum, og kærði stöðugt neitað líkamlegum mökum við hana.

Verður því samkvæmt 213. gr. laga nr. 85/1936 að láta úrslit málsins velta á eiði hans, þannig, að hann skal vera sýkn af kröfu kæranda, ef hann synjar þess með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á lögmaeltu varnarþingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda frá og með 1. janúar 1948 og til 1. marz s. á. En fallist kærði á eiðnum, skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er kærandi ól hinn 25. október 1948, enda greiði hann þá meðlag með barn-

inu, fæðingarstyrk og tryggingariðgjöld barnsmóður fyrir eitt ár, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Ef kærði, Ingvi Ólafsson, synjar þess með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á löglegu varnarþingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda, Steinunni Loftsdóttur, á tímabilinu frá og með 1. janúar 1948 og til 1. marz sama ár, skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu.

Fallist kærði á eiðnum, skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er kærandi ól hinn 25. október 1948, enda greiði hann þá meðlag með barninu, fæðingarstyrk og tryggingariðgjöld barnsmóður fyrir eitt ár, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. apríl 1951.

Nr. 23/1951. **Gísli Halldórsson**
 gegn
Sigríði Einarsdóttur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gísli Halldórsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.